



Reglugerð um starfsmenn móta:

Læknir:

1. Almenn

1.1. Fylgja skal reglum úr læknishandbók AIBA.

2. Hlutgengi

2.1. Mótslæknir skal hafa lokið kandídatnámi og vera með gilt starfsleyfi í því landi sem keppni fer fram.

3. Skyldur

3.1. Ef læknir telur keppnisaðstæður óviðunandi skal hann tilkynna það tafarlaust til umsjónamanns.

3.2. Læknir skal vera viðstaddur við hring á meðan viðureign/ir á/eiga sér stað.

3.3. Læknir skal leiðbeina dómara í að meta meiðsli.

3.4. Læknir skal tilkynna umsjónarmanni að stoppa viðureign ef hann metur það svo að keppandi sé ófær um að halda áfram keppni.

3.5. Mótsskýrsla þarf að vera undirrituð af lækni eftir að keppni er lokið og ef keppandi hefur hlotið rothögg eða tæknilegt rothögg ber lækni að setja keppanda í keppnisbann samkvæmt reglum AIBA. Skal keppnisbannið vera skráð í mótsskýrslu og þátttökubók keppanda.

4. Aðstæður við læknisskoðun

4.1. Læknir skal tryggja að keppendur hafi nægt rými við skoðun.

4.2. Hann skal tryggja að það sé aðgangur að klefa þar sem vigtun á sér stað.

4.3. Hann skal tryggja að aðstæður séu góðar, t.d. hiti, loftræsting og lýsing.

4.4. Hann skal tryggja að starfsaðstæður séu nógu góðar fyrir lækni.

5. Leikbann

5.1. Keppanda skal bannað að taka þátt í keppni eða æfa með (sparring) nema í samráði við lækni eftir að hann var rotaður í leik eða dómari beitti RSQ þar sem þung höfuðhögg áttu sér stað en þó aldrei minna en 30 daga. Ef keppandi er rotaður eða dómari beitir RSQ vegna höfuðhögga tvisvar á 90 daga tímabili skal honum bannað að keppa eða æfa í 90 daga frá seinna skiptinu. Ef keppandi er rotaður eða dómari beitir TKO þrisvar í röð vegna höfuðhögga á 12 mánaða tímabili skal honum bannað að keppa eða æfa með (sparring) í eitt ár (365 daga) frá síðasta skiptinu.

5.2. Keppandi sem missir meðvitund í minna en 60 sekúndur er bannað að taka þátt í keppni eða æfa með (sparring) í a.m.k. 90 daga, ef meðvitundaleysið nær yfir 60 sekúndur lengist það



bann í a.m.k. 180 daga. Einstaklingur sem kjálkabrotnar skal bíða eftir að brotið grói að fullu í a.m.k. 180 daga.

- 5.3. Áður en keppandi sem verið hefur útilokaður frá keppni vegna ofangreindra atriða getur byrjað að nýju verður hann að gangast undir læknisskoðun og fá leyfi læknis til að halda áfram. Þessi bönn eiga einnig við þung höfuðhögg sem verða á æfingu eða fyrir utan hnefaleika. (Sjá AIBA medical handbook ef upp kemur vafa mál).

Tímavörður:

1. Umgjörð og þáttaka

- 1.1. Tímavörður skal sitja við hringinn eins og fram kemur í uppsetningu skv. keppnisreglum AIBA.

2. Skyldur

- 2.1. Aðalskylda hans er að tilkynna lotufjöldann, lengd lotu og hvíldarhléa á milli þeirra. Hvíldarhlé á að vera ein mínúta. Tímavörður skal einnig: Byrja hverja lotu með því að slá á bjölluna.
- 2.2. Tíu sekúndum fyrir lok hvernar lotu skal gefa hljóðmerki.
- 2.3. Tímavörður skal fylgjast með og stjórna tíma en skal aðeins stoppa tíma ef hringdómari kallar "time" og byrja tímann aftur þegar hringdómari kallar "box".
- 2.4. Ef keppandi er sleginn niður (knock down) skal hann gefa merki með hendinni um hvernig sekúndurnar líða um leið og dómariinn telur.
- 2.5. Ef keppandi liggur þegar lotu lýkur og hringdómari telur skal tímavörður ekki slá á bjölluna. Bjallan skal óma þegar hringdómari hefur skipað "box" sem merkir að leikurinn heldur áfram.
- 2.6. Tímavörður skal fylgjast með tímanum þegar högg undir beltisstað kemur upp og einnig ef keppandi fellur út úr hringnum.

Aðrir starfsmenn:

1. Umsjón með keppnisbókum

- 1.1. Aðili sem passar upp á að læknir skoði og fylli út í allar keppnisbækur fyrir og eftir mót. Einnig skal skrá úrslit hverjar viðureignar og fá umsjónarmann til að kvitta upp á.

2. Umsjónarmaður með búnað

- 2.1. Aðili sem passar að keppendur noti réttan búnað og hann skili sér allur eftir hverja viðureign. Ætlast er til að búnaðurinn sé þrífinn eftir hverja viðureign.